



Atvinnuvega- og nýsköpunarráðun
B.t. Hinriks Greipssonar
Skúlagötu 4
150 Reykjavík

Fjarðabyggð, 17. nóvember 2016
Tilvísun 1609042/10.1

Sérstök skilyrði Fjarðabyggðar vegna byggðakvóta fiskveiðíárið 2016/2017

Með vísan til 2. greinar reglugerðar nr. 641/2016 um úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa á fiskveiðíárinu 2016/2017 er þess hér með farið á leit að ráðherra heimili sérstök skilyrði fyrir úthlutun aflamarks í Fjarðabyggð.

Ákvæði 1. gr. b og c-lið verði breytt þannig:

Bæjaryfirvöldum finnst að rétt sé að miða við dagsetningu samþykktar bæjarráðs á sérreglum í b og c-lið 1. greinar reglugerðar nr. 641/2016.

- ✓ Að í b-lið verði dagsetningunni breytt úr „1. júlí 2016“ í 14. nóvember 2016“.
- ✓ Að c-lið verði breytt þannig að í staðinn fyrir „byggðarlagi 1. júlí 2016“ verði notað „sveitarfélagi 14. nóvember 2016“.

Eftirfarandi nánari (viðbótar) skilyrði verði sett í 4. gr. reglugerðarinnar:

Til að gefa fleirum kost á því að fá úthlutað byggðakvóta telja bæjaryfirvöld rétt að taka 37% kvótans og skipta honum jafnt milli umsækjenda, en 63% verði skipt skv. ákvæðum reglnanna frá ráðuneytinu,

Að fyrstu málsgrein 4. greinar verði breytt með eftirfarandi hætti:

- ✓ Skipting þess aflamarks, sem nú kemur í hlut byggðarlags, auk þess aflamarks byggðarlagsins sem kann að vera eftir af úthlutun fyrra fiskveiðíárs, skal að öðru leyti fara fram til einstakra fiskiskipa sem uppfylla skilyrði 1. gr., sbr. og reglur um sérstök skilyrði fyrir úthlutun byggðakvóta í einstökum sveitarfélögum sem ráðuneytið staðfestir samkvæmt 2.-3. gr., eftir því sem við á, *37% byggðakvóta í Fjarðabyggð verði skipt jafnt milli þeirra fiskiskipa sem uppfylla skilyrði 1 gr. reglugerðarinnar. 63% byggðakvótans í Fjarðabyggð verði skipt milli þeirra fiskiskipa sem uppfylla skilyrði 1 gr. reglugerðarinnar* og skal skipt hlutfallslega af því aflamarki sem fallið hefur til viðkomandi byggðarlags, hlutfallslega miðað við allan landaðan botnfiskafla í tegundum sem hafa þorskígildisstuðla, í þorskígildum talið innan viðkomandi

Páll B.



byggðarlags á tímabilinu 1. september 2015 til 31. ágúst 2016. Komi minna en 100 þorskígildiskíló í hlut fiskiskips samkvæmt framangreindum reglum fellur hlutur til þess niður og skiptist hlutur þess milli annarra fiskiskipa frá sama byggðarlagi sem uppfylla skilyrði fyrir úthlutun í samræmi við skiptingu samkvæmt úthlutunarreglum.

Að öðru leiti verði greinin óbreytt frá reglum ráðuneytisins.

Gerðar verði eftirfarandi breytingar á 6. grein reglugerðarinnar:

Bæjaryfirvöld telja mikilvægt að byggðakvótinn nýtist til sem mestrar verðmætasköpunar í sveitarfélaginu. Þar sem ekki liggur fyrir að fiskvinnslu verði til að dreifa á Stöðvarfirði og Mjóafirði er lagt til að skilyrði verði rýmkuð. Heimilað verði að vinna aflann annars staðar innan sveitarfélagsins ef ekki er unnt að vinna hann í þeim byggðarlögum sem byggðakvótanum var úthlutað til.

Einnig leggur bæjarráð áherslu á að veitt verði undanþága þar sem vikið verði frá skilyrðum reglugerðar nr. 641/2016 um tvöföldunn aflamagns

- ✓ Í stað „Fiskiskipum er skylt að landa þeim afla sem telja á til byggðakvóta til vinnslu innan hlutaðeigandi byggðarlags.....“ komi „Fiskiskipum er skylt að landa innan viðkomandi byggðarlags þeim afla sem telja á til byggðakvóta til vinnslu innan sveitarfélagsinso.s.frv.“.
- ✓ Kröfunni um tvöföldunn aflamarks verði sleppt.

Með ofangreindum sérreglum telja bæjaryfirvöld í Fjarðabyggð að byggðakvóti á fiskveiðiárinu 2016/2017 nýtist í samræmi við þau markmið sem stefnt er að með lögum og reglugerðum


F.h. bæjarstjórnar Fjarðabyggðar
Páll Björgvin Guðmundsson
bæjarstjóri